

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um viðkomu strandferðaskipsins hjá Dyrhólaey. 115
24. ágúst

Í brjefi, dags. 1. júní þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að sýslunefndin í Vesturskaftafellssýslu hafi á síðasta aðalfundi sínum skorað á stjórnarráðið að hlutast til um, að strandferðaskipið »Hólar« verði látið koma við hjá Dyrhólaey, þegar veður leyfir ekki að koma í Vík, og að sýslunefndin bjóðist til að kosta merki þau og bendingarfæri á landi, er í þessu efni kunní að vera nauðsynleg.

Eftir að stjórnarráðið útaf þessu hafði ritað stjórn hins Sameinaða gufuskipafjelags, hefir því frá henni borist brjef það, sem hjermeð fylgir í eftirriti, og telur stjórn fjelagsins sig þar fúsa til að láta strandferðaskipið koma við hjá Dyrhólaey, eftir nánari ákvörðun skipstjórans í hvert sinn er eigi verður komið við í Vík fyrir veðurs sakir, með því skilyrði, að hin umræddu leiðarmerki og bendingarfæri sjeu sett upp.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana að því er leiðarmerkin og bendingarfærin snertir, og ber yður, er þau eru komin upp, að senda hingað skýrslu um það og um það hvernig þeim er háttað.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um endurveiting hlunninda handa sparísjóði Arnessýslu. 116
24. ágúst

Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, vill stjórnarráðið hjermeð veita sparísjóði Árnassýslu um næstu fimm ár, frá 1. sept. þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparísjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á skipun nokkurra prestakalla í Húnavatnsprófastsdæmi samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45, m. m. 117
29. ágúst

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 22. þ. m., hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar samþykkt sameining Holtastaðarsóknar við hið forna Bergstaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, og sömuleiðis sameining